

13. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 21. júlí í fjarfundakerfinu Teams.

Fundurinn hófst kl. 8.00.

Mættir eru: Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Aðalheiður Borgþórsdóttir og Hildur Þórisdóttir.

Gauti Jóhannesson, Hannes Karl Hilmarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Vilhjálmur Jónsson og Elvar Snær Kristjánsson boðuðu forföll.

Geirlaug Jóhannsdóttir ráðgjafi hjá Hagvangi.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

1. Ráðning í störf hjá sameinuðu sveitarfélagi

Framhald frá síðasta fundi. Umsækjendunum þremur var kynnt niðurstaða fundarins á föstudag og boðið að þiggja starf hjá sameinuðu sveitarfélagi. Öðrum umsækjendum hefur verið tilkynnt um að ákvörðun liggi fyrir.

Logi Helgu ákvað í gærkvöldi að draga umsókn sína um starf Verkefnastjóra rafrænnar þróunar og þjónustu til baka. Björn lagði til að framkvæmdahópi og ráðgjafa Hagvangs verði falið að meta aðra umsækjendur aftur.

Hugrún Hjálmarisdóttir hefur þegið boð um starf Framkvæmda- og umhverfisstjóra. Hún stefnir að því að hefja störf í lok september, en getur komið að undirbúningi mála fyrr. Fyrirliggjandi er munnlegt samkomulag um launakjör.

Sigrún Hólm Þórleifsdóttir hefur þegið boð um starf Verkefnastjóra mannauðsmála. Hún getur hafið störf í byrjun september. Fyrirliggjandi er munnlegt samkomulag um launakjör.

Samþykkt samhljóða að birta tilkynningu um ráðningu Hugrúnar og Sigrúnar síðar í dag og framkvæmdahóp veitt umboð til að ganga frá ráðningarsamningum við viðkomandi.

2. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 8:30.